

Mál nr. 146/2005.

M

Vátryggingafélagið V h.f. v. ábyrgðarliðar fasteignatryggingar H

Slys þegar kona datt í stiga þ.27. 4. 2003.

## Gögn.

4. Málskot móttakið þ. 17.8.2005.ásamt fylgiskjöllum 1-16
5. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 555/05
6. Bréf Sjóvá-Almennar tryggingar h.f. dags. 29.8.2005.

## Málsatvik.

Í tjónstilkynningu segir M að hún hafi dottið um skó í efstu tröppu og dottið niður stiga í húsi þar sem hún var gestkomandi og við það tvíbrotnað á fæti. Í læknisvottorði Björns Zoëga læknis dags. 17.3.2004 segir að M hafi verið ófrísk og hafi hrasað og fengið slæmt brot á fótleggnum. M krefst bóta úr ábyrgðalið fasteignatryggingar H. hjá V. Bent er á að stiginn þar sem M datt sé óvenju brattur og hafi efsta þrepið verið mjórra en hin þrepin og einungis 16 cm djúpt. Af hálfu M er bent á að hún sé ekki vön að ganga bratta stiga og hafi ekki komið oft í umrædda íbúð. Því er haldið fram að ástæða þess að M datt í stiganum hafi verið sú að mörg pör af skóm og fleira dót hafi verið geymt í stiganum og hafi M farið sérstaklega varlega í umrætt sinn en samt dottið um skó sem geymdir voru í efsta þrepi stigans og telur M það vera á ábyrgð húseiganda að geyma ekki dót þar sem fólk getur dottið illa og meitt sig. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að slysið verði rakið til atvika sem að H beri ábyrgð á. Stiginn hafi verið brattur og hafi M borið að sýna sérstaka aðgæslu á leið niður stigann en M hafi skömmu áður gengið stigann upp og því átt og mátt vera ljóst hvernig aðstæður voru. Þá heldur V því fram að skór í stiganum hafi verið vel sýnilegir. V telur að ekkert liggi fyrir sem bendi til þess að slysið verði rakið til ófullnægjandi aðbúnaðar fasteignar, brotum á ákvæðum byggingareglugerðar eða annarra atvika sem H beri ábyrgð á.

## Álit.

Af ljósmyndum af umræddum stiga að dæma er stiginn mjög brattur og ljóst að ganga verður þar um með varúð. M hafði gengið stigann upp og voru því ljósar aðstæður m.a. að dót m.a. skór voru geymdir í stiganum. Með vísan til þess og ekki hefur verið sýnt fram á sök hjá vátryggingataka á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar H hjá V.

## Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið H hjá V.

Reykjavík. 13.9.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.